



Kópavogi 3. mars 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi hefur móttengið til umsagnar frumvarp tii laga um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Lagt fyrir Alþingi á 128, löggjafarþingi 2002-2003.

Umsagnaraðili fagnar því að lög skuli sett um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og starfsemi hennar þar með fest í sessi. Það er ljóst að nú er langur biðlisti inn á Greiningar- og ráðgjafastöðina, því þykir rétt að benda á að nauðsynlegt er að tryggja nægilegt fjármagn til Greiningarstöðvarinnar til þess að stöðin geti mætt aukinni eftirspurn og stýtt biðlista eftir þjónustu.

Umsagnaraðili leggur til að aldursviðmið sem stöðin þjónar komi fram í 1. gr. laganna.

Umsagnaraðili fagnar einnig ítarlegum kafla II í lögnum um skilgreiningar.

Í 3. grein, þar sem fjallað er um frumgreiningu, þá kemur fram að frumgreining getur farið fram hjá sérfræðingum svæðisskrifstofa. Umsagnaraðila þykir rétt að benda á að þetta er nýtt hlutverk sem fellur á svæðisskrifstofur og nauðsynlegt er að þetta ákvæði komi fram í lögum um málefni fatlaðra og þarf því breytingar á lögum um málefni fatlaðra. Jafnframt að fjármagn verði tryggt í þetta hlutverk.

Í 4. grein 2 tl. þar sem nefnd er viðeigandi ráðgjöf og fræðsla, þá þykir umsagnaraðila rétt að bæta inn eftirfylgd og stuðningur.

Í 4. grein 5 tl. er upptalning á faglegri aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila. Hér mætti bæta við f. lið um frumkvæði að þverfaglegri vinnu.


Í 6 gr. vill umsagnaraðili gera athugasemdir við heimild til gjaldtöku vegna faglegrar aðstoðar og ráðgjafar til samstarfsaðila. Lagt er til að gjaldtaka verði einungis heimil í þeim tilvikum þar sem aðstoðin og ráðgjöfin er sannanlega viðameiri en gert er ráð fyrir í 4. gr. 5 tl.

Í 7 gr. þar sem nefndur er trúnaður, þagnarskylda, varðveislu persónuupplýsinga, upplýsingagjöf og afhendingu gagna, þykir umsagnaraðila rétt að bæta inn tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda.

Í 8. grein er gert ráð fyrir að ef starfsmenn stofnunar verði þess áskynja að einstaklingur njóti ekki viðunnandi þjónustu beri þeim að gera forstöðumanni viðvart. Umsagnaraðila þykir ástæða til að setja þarna inn setningu þess efnis að áður hafi starfsmenn leitað leiða hjá þjónustuaðilum til að þjónusta verði bætt við hinn fatlaða. Í sömu grein er einnig gert ráð fyrir að starfsmenn Greiningarstöðvar geti í samráði við hinn fatlaða eða forráðamenn hans, beint skriflegu erindi um málið til viðkomandi svæðisráðs málefna fatlaðra. Afrit sé sent til trúnaðarmanns fatlaðra á viðkomandi stað. Umsagnaraðili bendir á að mikilvægt er að viðkvæm trúnaðarmál og upplýsingar fari á sem fæsta staði og aðeins til þeirra sem hafa forsendur til fullnægjandi geymslu á trúnaðargögnum.

Virðingarfyllst,

f. h. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi,


Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri